

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
Skrifstofa loftslags og náttúru  
urn@urn.is

Reykjavík, 30. september 2025

**Efni: Umsögn Samorku um drög að aðgerðarlista aðlögunaráætlunar vegna áhrifa loftslagsbreytinga á Íslandi, mál í samráðsgátt nr. 155/2025**

## Inngangur

Samorka fagnar þeim metnaðarfullu áformum sem birtast í drögum að aðgerðarlista aðlögunaráætlunar vegna áhrifa loftslagsbreytinga á Íslandi. Í aðgerðarlistanum er að finna yfir 50 aðgerðir sem spanna mjög vítt svið, allt frá vöktun og viðbragði við náttúruvá, áhrif á lýðheilsu og heilbrigðiskerfi, áfallþol og viðnámsþrótt vegakerfis og flutnings- og dreifikerfa, áherslu á miðlun, upplýsingagjöf, fræðslu og alþjóðlegt samstarf. Allt eru þetta aðgerðir sem eiga rétt á sér og þarfnast skoðunar og athygli.

Aðildarfyrirtæki Samorku reka grundvallarinnviði samfélagsins. Það eru hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur auk fyrirtækja í allri virðiskeðju grænnar raforku, frá framleiðslu til flutnings, dreifingar og sölu. Öll eru þessi fyrirtæki og starfsfólk þeirra meðvituð um áhrif loftslagsbreytinga á rekstur, viðnámsþrótt og áfallþol þeirra mikilvægu innviða sem þau stýra og bera ábyrgð á.

Mörg aðildarfyrirtækja Samorku, bæði orkuframleiðendur og veitufyrirtæki, hafa nú þegar greint, metið og skipulagt viðbragð vegna áhrifa loftslagsbreytinga á starfsemi sína.

Þegar meta þarf áhrif loftslagsbreytinga á samfélagið er eðlilegt að í forgangi sé sú starfsemi samfélagsins þar sem áhrifa gætir mest og á sem flesta. Samorka bendir í því sambandi á að **hvergi** er á aðgerðarlistanum að finna aðgerðir eða áherslur sem lúta sérstaklega að hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu eða orkuframleiðslu.

Nokkur áhersla er lögð á viðnámsþrótt vegakerfisins, fjarskiptakerfa og flutnings- og dreifikerfis raforku og tekur Samorka undir mikilvægi þess, enda hér um að ræða grundvallarinnviði samfélagsins, líkt og við á um orku- og veituinnsviði.

Þá eru ýmsar aðgerðir á listanum sem eru mikilvægar fyrir starfsemi fyrirtækja í orku- og veitugeiranum, t.a.m. margar þeirra sem taldar eru í lið A2: Vöktun og viðbragð við náttúruvá vegna loftslagsbreytinga.

Við framlagningu málsins í samráðsgátt var sérstaklega óskað eftir svörum við einstökum spurningum og mun Samorka setja umsögn sín fram með því að veita slík svör eftir því sem við á.

## Spurningar í samráðsgátt

### ***Telur þú að á listanum séu aðgerðir sem ættu að vera í sérstökum forgangi til frekari útfærslu og innleiðingar á næstu árum? Hvers vegna?***

Samorka telur mikilvægt að setja sérstaklega í forgang þær aðgerðir sem lúta að grunninnviðum samfélagsins og eru því nauðsynlegir til að tryggja öryggi, líf og heilsu landsmanna.

Flestar þeirra aðgerða sem taldar eru í flokki „A2: Vöktun og viðbragð við náttúruvá vegna loftslagsbreytinga“ falla hér undir og telur Samorka því mikilvægt að þær verði í heild sinni hafðar í forgangi.

Sama gildir um þær aðgerðir sem taldar eru í lið C: Öryggi: almannavarnir og innviðir.

### ***Finnst þér vanta aðgerðir eða sérstakar áherslur í áætluninni?***

Í lið B3 er fjallað um getu íslensk atvinnulífs til þess að takast á við loftslagsbreytingar. Sérstaklega er dregið fram viðkvæmni – og áhættumat landbúnaðar, sjávarútvegs og ferðaþjónustu.

Samorka telur fulla ástæðu til að áhættu- og viðkvæmnismat verði einnig framkvæmt fyrir orkuframleiðslu. Orkuframleiðsla er bæði grundvallarinnviður í samfélaginu, auk þess að vera undirstaða í útflutningstekjum þjóðarinnar. Í aðgerðarlistanum eru ýmsar áherslur sem eru mikilvægar og snerta beint orkubúskap þjóðarinnar, má þar t.d. nefna mikilvægi þess að vakta og fylgjast með breytingum á jöklum (A3).

Í inngangi með lið „C Öryggi: almannavarnir og innviðir“ er réttilega bent á að loftslagsbreytingar séu þegar farnar að hafa áhrif á öryggi innviða, s.s. samgöngur, fjarskipti, fráveitu, orkuöflun og dreifingu raforku. Það skýtur því skökku við að í þeim 7 aðgerðum sem taldar eru í lið C, er engin sem snýr að fráveitu, hitaveitu eða orkuöflun.

Samorka telur að hér sé tækifæri til að bæta úr og mikilvægt að ráðist verði í sambærilegar aðgerðir, greiningar og forvarnir vegna hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu og þarna eru taldir fyrir samgöngur, fjarskipti og flutnings- og dreifikerfi raforku.

### ***Finnst þér eitthvað við samantekt núverandi viðkvæmni- og áhættumats sem mætti bæta eða skýra og hvað er sérstaklega mikilvægt að skoða við áframhaldandi þróun ramma og samræmds verklags fyrir matið?***

Samorka bendir á athugasemdir hér að framan um að rétt sé að viðkvæmni- og áhættumat taki einnig til orkuframleiðslu.

### ***Ertu með einhverjar ábendingar sem gætu komið að gagni við frekari útfærslu aðgerðanna?***

Vísað er til fyrri umfjöllunar.

## Lokaorð

Innan Samorku starfa fjölbreytt orku- og veitufyrirtæki, í eigu almennings, ríkisins, sveitarfélaga og einkaaðila. Öll eru meðvituð um samfélagslegt mikilvægi rekstursins og greina með skilvirkum og reglulegum hætti viðbrögð við utanaðkomandi áföllum, þ. á m. loftslagsbreytingum.

Samorka og aðildarfyrirtæki eru boðin og búin að styðja við áherslur og aðgerðir stjórnvalda til að bregðast við loftlagsbreytingum til að mynda með því að deila gögnum og þekkingu, þannig að slíkt nýtist bæði fyrirtækjunum og samfélaginu sem best.

Samorka vísar einnig til umsagna aðildarfyrirtækja sinna í samráðsgátt um málið og tekur undir þær áherslur sem þar birtast.

Samorka kallar eftir því að aðgerðir tengdar orkuframleiðslu og innviðum í veitustarfsemi fá skýrari áherslu í aðgerðarlista stjórnvalda og lýsa sig reiðubúin til að koma að nauðsynlegri vinnu með stjórnvöldum í þeim málum.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur